

## RE: Grendarkynning vegna Reykjahvols 31 - Athugasemdir

**Til** : Audunn Pall Sigurdsson <audunnpall@hotmail.com>;Skipulagsmál Mosfellsbæjar  
**Frá** : Skipulagsmál Mosfellsbæjar  
**Heiti** : RE: Grendarkynning vegna Reykjahvols 31 - Athugasemdir  
**Málsnúmer** : 201912220  
**Málsaðili** : Svala Magnúsdóttir  
**Skráð dags** : 15.07.2020 10:42:03  
**Höfundur** : Skipulagsmál Mosfellsbæjar

Móttekið

Með kveðju,

**Kristinn Pálsson**

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

---

**From:** Audunn Pall Sigurdsson  
**Sent:** 14 July 2020 21:31  
**To:** Skipulagsmál Mosfellsbæjar  
**Subject:** Grendarkynning vegna Reykjahvols 31 - Athugasemdir

**Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar**

**Þverholti 2**

**270 Mosfellsbæ**

**Varðar:** Grendarkynning vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi „Efri og neðri Reykjabyggð“ vegna Reykjahvols 31

Umrætt deiliskipulag „Deiliskipulag frá Reykjalandarvegi að Húsadal“ var unnið árið 2004 af ARKÍS og Mosfellsbæ í samráði við landeigendur. Tilgangurinn var að samræma skipulag miðað við þéttingu byggðar og aðlaga núverandi aðstæður að nútímaskipulagsháttum. Eitt af markmiðum skipulagsins er að „viðhalda grænu yfirbragði“ og núverandi einkennum „sveit í borg“ sem má yfirfæra á stórar lóðir með hlutfarslega litlu byggingarmagni og lágrestum sérbylum.

Samkvæmt töflu um stærðir nýbygginga á bls. 19 í deiliskipulaginu er hámarks byggingarmagn á F-húsagötu 31 (nú Reykjahvoll 31) 220m<sup>2</sup> (hæð+ris)  
Sótt er um hús sem er alls 280m<sup>2</sup> eða **27% meira byggingarmagn en leyfilegt er** sem varla getur talist óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Samkvæmt þessu erindi er um töluverðar breytingar að ræða sem samræmast illa hugmyndafræði deiliskipulagsins. Þegar við tókum ákvörðun um kaup á okkar húsi árið 2015 hafði gildandi deiliskipulag mikil áhrif á ákvörðun okkar.

Við treystum á að farið verði eftir gildandi deiliskipulagi við áframhaldandi uppbyggingu hverfisins og **mótmælum umræddri breytingatillögu.**

Það er afar mikilvægt að gildandi skipulag haldi, því annars eru forsendur þeirra sem þar búa brostnar.

Með fyrirfram þökk,

Auðunn Páll Sigurdsson

Anna Sigríður Vernharðsdóttir

Reykjavoli 37

Mosfellsbæ